



Umhverfisstefna

Ágúst 2019

Umhverfisstefna Lánasjóðs sveitarfélaga

27. ágúst 2019

1905045LA

Skjal nr. 02.21

Það er markmið Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. að vera leiðandi í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku.

Lánasjóðurinn mun hvetja sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að ráðast í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif. Stjórn og starfsfólk Lánasjóðsins skuldbindur sig til að vinna að þessu markmiði.

Umhverfisstefnan kveður á um að Lánasjóðurinn dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og leggi samtímis sitt af mörkum til samfélagsins og hagkerfisins. Lánasjóðurinn hefur í áratugi stuðlað að lægri fjármagnskostnaði sveitarfélaga til hagsbóta fyrir almenning. Fjármögnun skóla, félagslegs húsnæðis, hjúkrunarheimila, sorpvinnslustöðva og vatnsaflsvirkjana eru dæmi um framkvæmdir þar sem aðkoma Lánasjóðsins hefur leitt til aukinnar velferðar á Íslandi.

Vinna Lánasjóðsins í þágu umhverfismála mun fyrst og fremst fara fram á sviði sveitarfélaga þar sem verkefni sem uppfylla ákveðnar kröfur verða fjármögnuð með grænum skuldabréfum. Efnt verður til samstarfs við sveitarfélög og upplýst um jákvæð umhverfisáhrif verkefna sem fjármögnuð eru með grænum skuldabréfum ár hvert. Stjórn og starfsfólk Lánasjóðsins skuldbindur sig til að vinna að þessu markmiði. Einnig mun Lánasjóðurinn líta til eigin starfsemi og grípa til aðgerða í meðferð á úrgangi, í tengslum við vinnuferðir stjórnenda og starfsfólks og fleira.

Tilgangur grænna lánveitinga er að hvetja sveitarfélög til að velja verkefni sem sporna gegn loftslagsbreytingum og hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að:

- Auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku og draga úr losun koltvísýrings í framleiðslu og dreifingu orku.
- Hvetja sveitarfélög til að huga að vistvænni hönnun við byggingarframkvæmdir í samræmi við alþjóðlega eða innlenda staðla, svo sem BREEAM og Svansmerkið.
- Hvetja sveitarfélög til að ráðast í endurnýjun á innviðum tengdum fráveitu, s.s. frárennislögnum og skólphreinsistöðvum.
- Hvetja til viðtækra úrbóta á meðferð úrgangs í átt að sjálfbærum lausnum sem byggja á hringrásarlausnum, sér í lagi hvað varðar forvarnir gegn myndum úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu, en einnig við endurheimt og skerðingu á áhrifum sorphirðu og förgunar.
- Lánasjóðurinn mun tengja öll verkefni sem uppfylla kröfur umgrænar skuldabréf við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þannig leggja sitt af mörkum til viðleitni íslenskra stjórnvalda um að ná markmiðunum fyrir 2030.

Lánasjóðurinn mun hvetja starfsfólk og stjórnarmenn til að leggja sitt af mörkum til að milda loftslagsbreytingar og stuðla að umhverfisvernd. Lánasjóðurinn mun:

- Kolefnisjafna allar vinnuferðir starfsfólks og stjórnarmanna sem nýta jarðefnaeldsneyti (flug og bílferðir) hjá Kolviði, en árleg skógrækt á vegum sjóðsins nemur fleiri milljónum trjáplantna.
- Sporna gegn loftslagsbreytingum með því að nota umhverfisvænar samgöngur og forðast lengri ferðalög ef unnt er. Nota fjarfundabúnað í samskiptum við sveitarfélög þar sem það er hægt.

- Draga úr innkaupum fyrir skrifstofur Lánasjóðsins og velja vörur með umhverfisvottun, s.s. Svansmerkið.
- Lágmarka pappírnotkun og notkun á skrifstofuvörum og hámarka endurvinnslu.
 - Draga úr og lágmarka prentun til nota innanhúss, t.d. ársskýrslur, fjárfestakynningar og annað efni. Dreifa efni rafrænt eins og kostur er.
 - Endurvinna og endurnýta skrifstofuvörur (s.s. möppur og bæklinga).
- Endurbæta meðhöndlun úrgangs í skrifstofum Lánasjóðsins og leggja áherslu á forvarnir gegn úrgangsmýndun, endurnotkun og endurvinnslu.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar þann 27. ágúst 2019.

Útgáfusaga

Lagt fyrir stjórnarfund	Samþykkt / Kynnt
27.08.2019	Samþykkt

Ef misræmi er milli íslenskrar þýðingar og umhverfisstefnunnar á ensku þá gildir enska útgáfan
